



**16. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
Þriðjudaginn 28. desember 2006, kl. 17:00.**

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Yfirlit yfir skipulagsmál.**
2. **Sorpmál.**
3. **Málefni tæknideildar.**
 - a. **Gjaldskrár.**
 - b. **Starfsmannamál.**
4. **Erindi frá Blönduóskirkju.**
5. **Erindi frá Náttúrunefnd A-Hún.**
6. **Erindi frá Siglingastofnun.**
7. **Erindi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.**
8. **Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.**
9. **Fjárhagsáætlun 2007 og 3ja ára áætlun Blönduósbæjar.**
 - a. **Sundlaugarbygging.**
 - b. **Drög að samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, nefndum og ráðum Blönduósbæjar.**
10. **Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. **Yfirlit yfir skipulagsmál.**

Lagt fram til kynningar minnisblað frá tæknideild um stöðu skipulagsmála. Umræður urðu um skipulagsmál. Bæjarráð samþykkir að svæðið við Ægisbraut og Hafnarbraut verði deiliskipulagt undir atvinnusvæði.
2. **Sorpmál.**
 - a. **Sbr. bókun bæjarráðs frá 13. nóvember sl. var ákveðið að hefja viðræður við Sorphreinsun VH um sorphirðu, -urðun og rekstur gámasvæðis. Lögð fram drög að samningum um sorphirðu og -urðun sem hafa verið í vinnslu.**

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur bæjarstjóra að ganga frá samningum við Sorphreinsun VH vegna sorpurðunar og sorphirðu í Blönduósbæ.
 - b. **Lögð fram drög að samþykkt um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Blönduósbæ. Bæjarráð samþykkir drögin.**
3. **Málefni tæknideildar.**
 - a. **Gjaldskrár.**

Lagðar fram tillögur að gjaldskrá fyrir embætti byggingarfulltrúa, þjónustumiðstöð, sorph og tæmingar rotþróa.

Bæjarráð frestar gjaldskrá vegna tæmingar rotþróa þar sem ekki liggur fyrir samþykkt. Tæknideild falið að leggja fram drög að samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa.



Bæjarráð leggur til að ekki sé heimilt að lána eða leigja tæki og tól úr þjónustumiðstöð nema leigu á garðsláttutækjum.

b. Starfsmannamál.

- Finnur Björnsson hefur sagt upp starfi í þjónustumiðstöð frá og með mánaðarmótum og er Finni þökkuð góð störf í þágu sveitarfélagsins. Tæknideild falið að koma með tillögur að framtíðarskiplagi þjónustumiðstöðvar.
- Umræður urðu um embætti byggingarfulltrúa þar sem Eyjólfur Þórarinnsson hefur sagt starfinu lausu. Samþykkt að ráða tímabundið í starfið enda verið að kanna með sameiginlegan rekstur embættisins á héraðsvísu sbr. bókun héraðsnefndar frá 12. des. sl.

4. Erindi frá Blönduóskirkju.

Óskað er eftir viðræðum um áframhaldandi niðurfellingu fasteignatengdra gjalda Blönduóskirkju. Bæjarráð samþykkir að fá fulltrúa á fund.

5. Erindi frá Náttúrunefnd A-Hún.

Lagt fram til kynningar úrdráttur úr lögum til að kynna verksvið nefndarinnar.

6. Erindi frá Siglingastofnun.

Frestað til næsta fundar bæjarráðs.

7. Erindi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Í samræmi við 2. gr. laga nr. 46/2006 er lagt fram til umfjöllunar og umsagnar drög að nýrri reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við drög að reglugerð.

8. Fjárhagsáætlun 2007 og 3ja ára áætlun Blönduósbæjar.

a. Sundlaugarbygging.

Málefnið rætt. Samþykkt að hefjast handa við undirbúning byggingu sundlaugar og fá kostnaðarmat og hönnunarvinnu á mismunandi útfærslum útilauga miðað við 16,7 x 10 m, 1 - 2 heita potta, vaðlaug, rennibraut ofl. sbr. fyrirliggjandi gögn.

Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn situr hjá.

b. Drög að samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, nefndum og ráðum Blönduósbæjar.

Bæjarráð samþykkir drögin og er samþykktinni vísað til fjárhagsáætlanagerðar 2007.

9. Önnur mál.

a. Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum. Sbr. ný lög um fjármál stjórnmalasamtaka er sveitarfélögum heimilt á árinu 2007 og skylt á árinu 2008 að veita stjórnmalasamtökum fjárframlög í hlutfalli við atkvæðamagn. Bæjarráð samþykkir 200 þús. kr. heildarframlag til stjórnmalasamtaka á árinu 2007.

Ágúst Þór Bragason greiðir atkvæði gegn tillögunni.



- b. Erindi frá FMR.** Fasteignamatið hefur endurmetið fasteignina Skúlahorn, fastanr. 213-7267 og gildir hið nýja mat frá 31. desember 2005. Bæjarstjóra falið að biðja um rökstuðning FMR fyrir ákvörðun þessari, sbr. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Formaður þakkaði fundarmönnum ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00 .

Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)